

# Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga

Rún Knútsdóttir, lögfræðingur



# Breyting á umhverfi laganna

- » Rúmlega 20 ára gömul – margt hefur breyst.
- » Hugmyndafræðin.
- » Samsetning notendahópsins hefur breyst.
- » Aukin verkefni til sveitarfélaganna (m.a. þjónusta við fatlað fólk)
- » Ný nálgun gagnvart mannréttindum:
  - Lögfesting mannréttindasáttmála Evrópu 1994
  - Endurskoðaður mannréttindakafli stjórnarskrárinnar 1995
  - Undirritun samnings Sameinuðu þjóðanna í málefnum fatlaðs fólks 2007 og fullgilding 2016



# Markmið endurskoðunar

- » Nefnd skipuð í byrjun árs 2014 til að endurskoða lögini með fulltrúum sveitarfélaga, félagsmálastjóra, hagsmunasamtaka, innanríkisráðuneytis og velferðarráðuneytis. Skilaði af sér í október 2016.
- » Sameina í eina löggjöf ákvæði um félagsþjónustu sveitarfélaga og þjónustu við fatlað fólk.
  - Náðist ekki samstaða um þá leið.
- » Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (CRPD).
  - Ákvæði samningsins felld inn í löggjöf.
- » Lögfesting NPA sem þjónustufoms.
- » Niðurstaðan:
  - Ný lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
  - Endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.



# Víðtækt samráð

- » Frumvörpin voru samin af starfshóp skipuðum fjölda hagsmunaaðila, þar með talið fjórum fulltrúum sveitarfélaga.
- » Frumvörpin að lögnum tveimur voru sett í opið umsagnarferli á vef velferðarráðuneytisins í júní 2016 og bárust alls 20 umsagnir.
- » Frumvörpin lögð fram á Alþingi í apríl 2017 og bárust 36 umsagnir og erindi.
- » Lögð fram aftur í desember 2017 en þá bárust alls 47 umsagnir sem farið var yfir og brugðist við mörgum athugasemdum í meðförum þingsins.



# Samningur Sameinuðu þjóðanna

- » Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks (UN Convention on the Rights of Persons with Disabilities (UN-CRPD)) var undirritaður fyrir Íslands hönd 30. mars 2007 og var fullgiltur í september 2016.
- » Samningurinn felur ekki í sér ný réttindi heldur er til fyllingar öðrum mannréttindasamningum þar sem fatlað fólk á oft erfitt með að nýta sér réttindi sín.
  - Útskýrir skyldur aðildarríkjanna til að virða og tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til að njóta mannréttinda sinna.
- » Grundvallarstef samningsins er jafnrétti.



# Ákvæði samningsins sem innleiða á með lögnum

- » 5. gr. – Bann við mismunun.
  - Skortur á viðeigandi aðlögun getur verið mismunun.
  - Sértaekar ráðstafanir til að ná jafnrétti.
- » 9. gr. – Aðgengi.
  - Rúm skilgreining á aðgengi, nær einnig til upplýsinga, internetsins og samskiptakerfa.
- » 19. gr. – Sjálfstætt líf.
  - Rétturinn til að velja hvar og með hverjum viðkomandi býr og ekki gert að búa þar sem tiltekið búsetuform ríkir.
  - Aðgangur að margs konar þjónustu, m.a. persónulegri aðstoð (NPA) til að koma í veg fyrir einangrun og aðskilnað frá samfélaginu.
- » 20. gr. – Ferlimál
  - Ferðapjónusta, aðgengi að hjálpartækjum ofl.



# Lög um þjónustu við fatlað fólk með miklar stuðningsþarfir

- » Í I. kafla er að finna markmiðsákvæði frumvarpsins, skilgreiningar og hverjir eigi rétt á þjónustunni.
  - Gengið út frá ákvæðum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.
  - Lögin taka til þeirra sem þurfa þjónustu í meira en 15 tíma á viku.
  - Skylda sveitarfélaga til að vinna saman flytji einstaklingur milli sveitarfélaga
- » Í II. kafla frumvarpsins eru ákvæði um stjórn og skipulag þjónustu við fatlað fólk.
  - Auknar eftirlitsheimildir í samræmi við sveitarstjórnarlög
  - Leyfisveitingar til einkaaðila
  - Ákvæði lágmarksíbúafjölda á þjónustusvæði felld niður. Sveitarfélög hafa nú frjálssar hendur um myndun þjónustusvæða með sama hætti og myndun félagsþjónustusvæða eða stofnun byggðasamlaga til að annast þjónustuna.



- » Í III. kafla eru ákvæði um stoðþjónustu.
  - Kveðið á um að fatlað fólk skuli eiga rétt á fjölbreyttri þjónustu sem koma eigi til móts við tilteknar þarfir þess.
  - Réttur til húsnæðis í samræmi við þarfir og þjónustu sem gerir fólki kleift að búa á eigin heimili.
  - Notendastýrð persónuleg aðstoð og notendasamningar.
  - Einstaklingsbundar þjónustuáætlanir og þjónustuteymi.





- » Í IV. kafla eru ákvæði um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur þeirra.
  - Snemmtæk íhlutun og greining.
  - Frístundaþjónusta að loknum skólatíma.
  - Búseta fyrir börn með miklar samþættar geð- og þroskaraskanir.
  - Þjónustuteymi getur verið stýrt af skóla eða félagsþjónsutu.
- » Í V. kafla er kveðið á um atvinnumál fatlaðs fólks.
  - Byggist á yfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks, dags. 28. september 2015
- » Í VI. kafla eru ákvæði um starfsfólk og stjórnendur.
  - Nær líka til einstaklinga sem þjónusta fatlað fólk sem verktakar eða undirverktakar.



- » Í VII. kafla er kveðið á um málsmeðferð.
  - Frumkvæðisskylda sveitarfélags
  - Reglugerð um biðlista
- » Í VIII. kafla eru ákvæði um samráð og stefnumörkun.
  - Samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks.
  - Framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks.



# Lög um breytingar á félagsþjónustulögum

- » Aukið eftirlit ráðherra og breytingar í samræmi við sveitarstjórnalög
- » Samráð við notendur og notendaráð í öllum sveitarfélögum.
  - Mikilvægt að raunverulegir notendur þjónustunnar komi að slíkum ráðum, m.a. fatlað fólk sjálft, notendur fjárhagsaðstoðar og svo framvegis.
- » Samningar við einkaaðila og starfsleyfisveitingar til einkaaðila sem hyggjast veita þjónustu sem fjallað er um í lögnum.
  - Til samræmis við lög um þjónustu við fatlað fólk.
- » Ákvæði um akstursþjónustu, sem hafa verið í lögum um málefni fatlaðs fólks, eru skýrð og flutt í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem um almenna þjónustu er að ræða fyrir fatlað fólk, óháð því hversu mikla aðra þjónustu því er veitt.
- » Ákvæðum um húsnæðismál breytt, ákvæði um úthlutun húsnæðis á vegum sveitarfélaga eru skýrð, m.a. um uppsögn leigu á slíku húsnæði.



- » Breytingar á VII. kafla sem nú fjallaði um félagslega heimaþjónustu var breytt í „Stuðningsþjónusta“.
  - Þjónustan er ekki bundin við heimili heldur nær hún til þjónustu við athafnir dagslegs lífs og til að rjúfa félagslega einangrun.
  - Fyrir alla sem hafa viðvarandi eða tímabundnar stuðningsþarfir en gengið er út frá því að þegar þjónustuparfir verði meiri en sem nemur 15 tímum á viku taki við sértækari þjónusta.
  - Ákvæði um notendasamninga þannig að notandinn getur haft stjórn á hvernig og hvenær hann fær þjónustu.
- » Ákvæði um kærheimildir endurskoðaðar þannig að mál þarf ekki að fara til félagsmálanefnd áður en það er kæranlegt til úrskurðarnefndar velferðarþjónustu nema kveðið sé á um slíkt í samþykktum sveitarfélags.

